

Þriðjudaginn 17. ágúst 2010 kom fjallskilanefnd Miðfirðinga saman til fundar að Staðarbakka.

Nefndin skipti með sér verkum.

Formaður Rafn Benediktsson.

Ritari Ólöf Þorsteinsdóttir.

Meðstjórnandi Ari Guðmundur Guðmundsson.

Fyrir var tekið: Niðurjöfnun fjallskila og mat á þeim. Ákveðið að farið verði í göngur fimmtudaginn 2.sept n.k. og réttað laugardaginn 4.sept. Hrossarétt hefjist kl.9 árdegis þann dag og sauðfé verði réttað þegar það kemur til réttar.

Heimalandasmölun ákveðin laugardaginn 25.sept. og skilarétt sunnudaginn 26.sept. kl.14:00.

Rætt um mat á fjallskilavinnu og ákveðið að það hækkaði um 5%.

Verð á klukkustund í eftirleitum ákveðið kr.1700.

Ara Guðmundi falið að setja ný hlið og lokur inn í dilkana á réttinni.

Fundi slitið.

Rafn Benediktsson.

Ari Guðmundur Guðmundsson.

Ólöf Þorsteinsdóttir.